

Líffræðilegur fjölbreytileiki í Garðabæ

Fylgirit umhverfisstefnu 2017

Markmið: **Að styrkja stöðu líffræðilegrar fjölbreytni í náttúru Garðabæjar**

Til að vinna að því markmiði skal:

1. Endurheimta, fjölga og efla búsvæði lífríkis

- Kortleggja og greina svæði þar sem tækifæri eru til að endurheimta á búsvæði.
- Styrkja einstaka lífverustofna sem horfið hafa frá upprunalegum útbreiðslusvæðum eða fara minnkandi.
- Huga að líffræðilegri fjölbreytni við skipulag og hönnun byggðar s.s. með grænum þökum.
- Innleiða blágrænar ofanvatnslausnir sem viðhalda náttúrulegri hringrás vatns.
- Ræktun og umhirða stuðli að fjölbreytileika gróðurs og annars lífríkis.
- Bæta búsvæði fyrir fugla og önnur dýr.

2. Skrá og safna þekkingu á líffræðilegri fjölbreytni í Garðabæ

- Kortleggja helstu vistkerfi, vistgerðir og fjölbreytni og útbreiðslu lífveruhópa.
- Skilgreina vistkerfi og tegundir sem þarfnast verndunar og vöktunar.
- Rýna stöðu verndarsvæða og meta þörf á úrbótum.
- Greina þjónustu vistkerfa innan Garðabæjar
- Kanna gildismat og þekkingu íbúa á líffræðilegri fjölbreytni.

3. Að vinna gegn helstu ógnum við líffræðilega fjölbreytni

- Búsvæðaeyðing:
 - Meta hvort og hvernig skipulag, landnotkun, framkvæmdir og rekstur bæjarlandsins veldur búsvæðaeyðingu.
 - Skilgreina og innleiða fyrirbyggjandi og mótvægisáðgerðir gegn búsvæðaeyðingu.
- Mengun:
 - Skilgreina og meta áhrif hvers kyns mengunar á líffræðilega fjölbreytni.
 - Draga úr mengun sem hefur neikvæð áhrif á líffræðilega fjölbreytni.
- Ágengar tegundir:
 - Skilgreina og kortleggja útbreiðslu ágengra tegunda og móta aðgerðir til að útrýma eða hefta frekari útbreiðslu.
 - Fræða íbúa um ágengar tegundir, áhrif þeirra og aðgerðir gegn þeim.
- Loftlagsbreytingar
 - Skilgreina áhrif loftlagsbreytinga á líffræðilega fjölbreytni og meta þörf á vöktun.
 - Stuðla að aðlögun líffræðilegrar fjölbreytni við loftlagsbreytingum.
 - Styðja við líffræðilega fjölbreytni sem vinnur að kolefnisbindingu s.s. með endurheimt votlendis.

4. Fræðsla um líffræðilega fjölbreytni vera með víðtækum hætti

- Hafa sýn yfir fræðslu- og rannsóknarstarf hjá stofnunum, samtökum og óháðum aðilum.
- Efla fræðslu og upplýsingamiðlun til íbúa um aðgerðir til eftirlits og útbóta.

5. Garðabær vera leiðandi í stefnumótun um líffræðilega fjölbreytni

- Tryggja stöðu líffræðilegrar fjölbreytni í skipulagi, stefnumótun umhverfismála, við framkvæmdir og rekstur bæjarins.
- Innleiða nýjungar í tækni og hugmyndafræði við aðgerðir til úrbóta.

- Efla samstarf við önnur sveitarfélög og félagasamtök um einstök málefni.
- Þátttaka í alþjóðlegum verkefnum um líffræðilega fjölbreytni.
- Fylgja eftir innleiðingu stefnu með markvissri, tímasettri aðgerðaáætlun, að fjármagn sé tryggt til nauðsynlegra aðgerða og að reglulega sé lagt mat á árangur.

Viðauki

Landgerðir í Garðabæ og dæmi um svæði:

- **Mólendi**

Bessastaðanes

- **Skóglendi**

Vífilsstaðahlíð í Heiðmörk, Smalaholt, Sandahlíð, Hádegisholt, Tjarnholt og á Vífilsstöðum ungmennafélagslundurinn

- **Garðar í byggð**

Áratuga gróin hverfi bæjarins á lóðum og opnum svæðum með fjölbreyttum trjágróðri og blómjurtum. Trjágarðurinn á Vífilsstöðum.

- **Tún og ræktarlönd**

Garðahverfi, á Álftanesi, Vífilsstöðum og á opnum svæðum í byggð.

- **Fjörur, leirur og grunnsævi**

Fjörur í Garðabæjarhluta Skerjafjarðar s.s. við Kópavog, við Arnarnesvog, á Álftanesi s.s. Bali, Hliðsnes, Hlíð, Helguvík, Halakotstjörn, Sandskarð, Hrakhólmar, Eyri, Seyla, Bessastaðanes, Skógtjörn og Lambhússtjörn.

- **Votlendi, mýrar, tjarnir, vötn og lækir**

Vífilsstaðavatn, Vatnsmýri og Vífilsstaðalækur. Dýjamýri, Purramýri og Oddsmýri austan og sunnan Urriðavatns og Urriðavatn, Bessastaðatjörn, Kasthússtjörn, Balatjörn, Halakotstjörn, Garðatjörn, Álamýri norðan í Garðaholti. Arnarneslækur, Hraunholtslækur, Stórárókslækur, Gvendarlind norðan í Arnarnesi, Garðalind.

- **Eldstöð, hraun, klettur og hrauntraðir**

Búrfell og Búrfellshraun með öllum sínum sérheitum, Gálgaklettur, Búrellsgjá og Selgjá.

Dæmi til skýringatexta eða myndatexta

Samantekt á fyrri rannsóknum. Gera rannsóknaráætlun fyrir alla rannsóknarþætti.

Verndaráætlanir fyrir friðlýst svæði og hverfisvernduð svæði.

Dæmi um mikilvæg búsvæði: Fuglafriðlönd s.s. friðland Vífilsstaðavatns, Urriðavatns, Bessastaðatjarnar, Kasthúsatjarnar og Balatjarnar. Grunnsævi meðfram strandlengjum. Lækirnir þ.e. Hraunsholtslækur og Arnarneslækur eru lífæðar. Að viðhalda túnum á Álftanesi fyrir gæsir.

Dæmi um svæði: Endurheimt votlendis við Kasthúsatjörn, við Urriðavatn og víðar á Álftanesi. Varðveita Vatnsmýri votlendi sunnan Vífilsstaða.

Gátlisti um grænar lausnir í hönnun og skipulagi byggðar. Aðgerðaráætlun um breytt sláttusvæði. Trjáræktarstefna. Aðgerðir í skógrækt og landgræðslu.

Dæmi um svæði: Skógræktar og útivistarsvæðin í Smalaholti, Sandahlíð, Vífilsstaðahlíð í Heiðmörk þarf byggist um fjölbreyttara fuglalíf.

Kortlagning á viðkvæmum og verðmætum búsvæðum. Eftirlit með áhrifum framkvæmda á búsvæði.

Dæmi um svæði: Búrfellshraun eru mikilvæg búsvæði jurtafánu, fugla ...

Útrýma bjarnarkló úr bæjarlandinu. Aðgerðir gegn skógarkerfli og lúpínu á friðlýstum svæðum.

Dæmi um svæði: Friðland Vífilsstaðavatns, umhverfis Vífilsstaði...

Endurheimt votlendis, lokun opinna framræsluskurða.

Útikennsla grunnskólanema um lífríki Vífilsstaðavatns, um fuglaskoðun nemenda Álftanesskóla á Álftanesi, um þátttöku grunnskólanema við gróðursetningar Yrkjuplantna.

Fræðslu- og sögugöngur yfir almenning með fræðilegri leiðsögn.

WAPP - Gönguleiðir í leiðsagnarappi.

Samþætting í stefnumótun umhverfismála. Verklag við veitingu framkvæmdaleyfis og skilgreindri matsskyldu.

Kynning á stefnu við mögulega samstarfsaðila. Þátttaka í alþjóðlegu samstarfi....

